

## Sérstakar úthlutunarreglur Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands vegna stærri úthlutunar

### 1. gr.

#### Tilgangur

Samkvæmt skipulagsskrá Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands (VKÍ) skal sérstaklega horft til þess að hluti styrktra verkefna uppfylli skilyrði sjóðs Kristínar Björnsdóttur, fyrrverandi starfsmanns Sameinuðu þjóðanna, um styrki til rannsókna krabbameina í börnum og unglingum og aðhlyningu krabbameinssjúkra barna. Samkvæmt 3. mgr. 8 gr. skipulagsskrárinnar er m.a. unnt að gera það í stærri úthlutun á allt að fimm ára fresti samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins.

Stjórn Vísindasjóðsins skal auglýsa opinberlega eftir umsóknum um styrki vegna stærri úthlutunar. Í auglýsingu skal koma fram umsóknarfrestur, hvar umsóknareyðublað er að finna og heildarupphæð til úthlutunar.

### 2. gr.

#### Umsóknir

Umsóknareyðublað vegna **umsóknar um styrk úr sérstakri stærri úthlutun** er á heimasíðu Krabbameinsfélags Íslands ([www.krabb.is/visindasjodur](http://www.krabb.is/visindasjodur)). Umsóknum skal skila á íslensku eða ensku.

Í umsóknareyðublaði skal gera grein fyrir eftirfarandi:

*Aðalumsækjandi.*

*Heiti verkefnis.*

*Heildarfjárhæð styrkumsóknar.*

*Tímarammi verkefnis.*

*Samstarfsaðilar.*

*Ágrip.*

*Lýsing á gagnsemi og framlagi verkefnisins.*

*Nákvæmari lýsing á verkefninu.*

*Framkvæmdaáætlun.*

*Kostnaðaráætlun.*

*Stutt ferilskrá aðalumsækjanda.*

*Er verkefnið leyfisskilyrt?*

### 3. gr.

#### Mat á umsóknum

Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands  
stofnaður 16. desember 2015

Stjórn VKÍ fer yfir allar umsóknir sem berast. Stjórninni er heimilt að leita ytri umsagna. Sérstaklega er lögð áhersla á að meta hvort:

- tilgangur verkefnisins sé skýr og til rannsókna krabbameina í börnum og unglíngum og/eða aðhlyningar krabbameinssjúkra barna.
- verkefnið sé vel rökstutt.
- gagnsemi og framlag verkefnis sé ótvírætt.
- verkefnið sé framkvæmanlegt með tilliti til starfsfólks, aðstöðu og þekkingar og annars sem við á.
- framkvæmdaáætlun og tímarammi sé skýr og raunhæf.
- kostnaðaráætlun sé raunsæ og nákvæm og skýrt hvernig nota á styrkinn.

Við mat á umsóknum skal stjórn VKÍ rita umsögn þar sem heildarniðurstöður eru dregnar fram. Þar skulu tilteknir helstu kostir og gallar umsóknarinnar. Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um úthlutun úr sjóðnum samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins og þessum úthlutunarreglum. Stjórn hefur endanlegt ákvörðunarvald um úthlutun.

*4. gr.*

*Kynning á verkefnum*

Stjórn VKÍ skal stuðla að því að styrkúthlutanir séu kynntar almenningi og að verkefni og árangur þeirra sé jafnframt kynntur. Styrkhafar skulu alltaf geta stuðnings frá sjóðnum þegar verkefni eru kynnt eða niðurstöður birtar.

*5. gr.*

*Greiðslur styrkja og framgangur verkefna*

Stjórn VKÍ tekur ákvörðun um greiðslu styrkja að teknu tilliti til kostnaðaráætlana og tímaramma verkefna og í samræmi við framvinduskýrslur sem skila skal að lágmarki á 12 mánaða fresti.

Sérstakar úthlutunarreglur um styrk úr stærri úthlutun voru samþykktar á fundi stjórnar Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands 11. des. 2023.